

Viðhorf nemenda í 4.–7. bekk til starfs í grunnskólum Akureyrar

Könnun gerð fyrir skóladeild Akureyrarbæjar

Trausti Þorsteinsson



Janúar 2011

Viðhorf nemenda í 4.–7. bekk til starfs í
grunnskólum Akureyrar vorið 2010

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	5
Formáli	6
Inngangur	7
Niðurstöður.....	8
Aðstæður til náms.....	8
Námið	9
Virgni.....	13
Samskipti	17
Stríðni	20
Hrós	23
Félagsstarf.....	24
Samantekt	25

Myndir

Mynd 1: Áhugi drengja og stúlkna á því sem kennt er í skólanum.....	10
Mynd 2: Áhugi nemenda á því sem kennt er í skólanum m.t.t. bekkja.....	10
Mynd 3: Afstaða nemenda til næðis í tímum m.t.t. bekkja.	11
Mynd 4: Afstaða nemenda til næðis í kennslustundum m.t.t. skóla.....	11
Mynd 5: Afstaða nemenda m.t.t. bekkja til þess hvort þeir fái hjálp í tímum.....	12
Mynd 6: Afstaða nemenda til aðstoðar í tímum m.t.t. skóla.	12
Mynd 7: Afstaða kynja til hvernig þau vinna í skólanum.	13
Mynd 8: Afstaða bekkja til þess hvort nemendur vinna vel í skólanum.	14
Mynd 9: Tengsl skóla og afstöðu nemenda til þess hvort þeim finnst þeir vinna vel í skóla. .	14
Mynd 10: Afstaða kynja til samvinnu við aðra nemendur.	15
Mynd 11: Samvinna við aðra nemendur m.t.t. skóla.	15
Mynd 12: Afstaða kynjanna til heimanáms.....	16
Mynd 13: Afstaða til heimanáms m.t.t. bekkja.	16
Mynd 14: Afstaða til heimanáms m.t.t. skóla.	17
Mynd 15: Afstaða kynja til samskipta við kennara.....	18
Mynd 16: Samskipti nemenda og kennara m.t.t. bekkja.	18
Mynd 17: Að leita til umsjónarkennara m.t.t. bekkja.....	19
Mynd 18: Samskipti nemenda við annað starfsfólk m.t.t. bekkja.	19
Mynd 19: Stríðni í skóla m.t.t. kynja.....	20
Mynd 20: Stríðni í skóla m.t.t. bekkja.....	21
Mynd 21: Stríðni í skóla m.t.t. skóla.	21
Mynd 22: Afstaða kynja til viðbragða skóla við stríðni.....	22
Mynd 23: Afstaða til viðbragða skóla við stríðni m.t.t. bekkja.....	22
Mynd 24: Afstaða til viðbragða skóla við stríðni m.t.t. skóla.....	23
Mynd 25: Þátttaka í félagsstarfi.	24
Mynd 26: Þátttaka nemenda í félagsstarfi m.t.t. skóla.	24

Töflur

Tafla 1: Þátttaka í könnuninni skipt eftir skólum.....	8
Tafla 2: Aðstæður nemenda til náms.....	8
Tafla 3: Afstaða nemenda til náms og starfs í skólanum.	9
Tafla 4: Virkni nemenda í námi.	13
Tafla 5: Samskipti nemenda í skóla við samnemendur, kennara og annað starfsfólk.	17
Tafla 6: Stríðni og viðbrögð skóla.....	20
Tafla 7: Hrós frá samnemendum og kennurum.....	23

Meginniðurstöður

- Nemendur 4.–7. bekkjar virðast sáttir við aðstæður sínar í grunnskólum Akureyrar og eru jákvæðir í garð skólans.
- Nemendur vilja ná árangri í námi og telja að þeir fái aðstoð og stuðning þegar þeir þurfa á því að halda.
- Lágt hlutfall nemendahópsins segist hafa áhuga á því sem kennt er og ráða við það sem hann á að gera í tímum. Stúlkur virðast hafa mun meiri áhuga á náminu en drengir og mun herra hlutfall þeirra segist ráða við það sem nemendur eiga að gera í kennslustundum.
- Eftir því sem líður á skólagönguna dvínar áhugi nemenda á náminu og færri nemendur telja sig fá hjálp í tímum þegar hennar er þörf.
- Mikill meirihluti nemenda telur sig vinna vel í skólanum og vinna verkefni í samvinnu við aðra nemendur. Marktækur munur er á afstöðu drengja og stúlkna að þessu leyti þar sem drengir telja síður að þeir vinni vel í skólanum og vinni verkefni í samvinnu við aðra nemendur.
- Lítil ánægja virðist vera með heimanám en einungis liðlega helmingur segist sammála því að það sé hæfilegt. Marktækur munur er á milli kynja í afstöðu til heimanáms þar sem herra hlutfall stúlkna segir námið hæfilegt. Á sama hátt minnkar jákvæðnin til heimanáms eftir því sem lengra líður á skólagönguna og mest er óánægjan í 7. bekk.
- Samskipti nemenda á milli og nemenda og kennara virðist almennt með ágætum. Þrátt fyrir það er talsverður munur á afstöðu nemenda til þeirrar fullyrðingar um að samskipti þeirra við kennara séu góð og að þeir geti rætt við umsjónarkennara þegar eitthvað bjátar á. Enn síður virðast nemendur telja sig geta leitað til annars starfsfólks þegar þannig stendur á.
- 7% nemenda er sammála því að hafa oft orðið fyrir stríðni, árásum og hótunum af ýmsu tagi frá skólafélögum. Fleiri drengir en stúlkur telja sig verða fyrir einelti af þessu tagi.
- Nemendum finnst skólar ekki bregðast nógu fljótt við stríðni. Einkum eru það nemendur 7. bekkjar sem telja að skólar bregðist ekki við. Munur er á afstöðu nemenda að þessu leyti m.t.t. þess hvar í skóla þeir eru.

Formáli

Könnun á viðhorfi nemenda í 4.–7. bekk í grunnskólum á Akureyri árið 2010 var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrar og Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Stuðst var við spurningalista sem lagður var fyrir alla nemendur í ofangreindum bekkjum í grunnskólum Akureyrarkaupstaðar. Megintilgangur könnunarinnar er að fá fram viðhorf nemenda í grunnskólum bæjarfélagsins til náms og starfs í skólunum í því skyni að vinna að og hvetja til þróunar og umbóta í starfi skólanna.

Þetta er í þriðja skiptið sem slík könnun er gerð í samvinnu skóladeildar og Miðstöðvar skólaþróunar HA. Í skýrslu þessari eru kynntar meginniðurstöður könnunarinnar. Þær eru ekki greindar niður á einstaka skóla en þeim upplýsingum hefur verið komið á framfæri við hvern skóla fyrir sig og skóladeild fengið afrit þeirra. Vonast er til að könnun þessi geti orðið gagnleg til umbóta- og þróunarstarfs í skólum bæjarfélagsins.

Inngangur

Í skólastefnu Akureyrarbæjar er m.a. kveðið á um það að skólanefnd leggi með reglubundnu millibili fyrir viðhorfskannanir og aðrar kannanir sem nauðsynlegar eru til að meta gæði skólastarfs í Akureyrarbæ, kynna niðurstöður og leggja fram tillögur til úrbóta. Slíkar kannanir hafa verið lagðar fyrir í skólum með reglubundnu millibili undanfarin ár og upplýsinga leitað meðal starfsmanna, nemenda og foreldra. Í lok árs 2003 var gerð könnun á líðan nemenda í 4.–10. bekk í grunnskólum Akureyrar. Önnur sambærileg könnun var lögð fyrir nemendur sömu bekkja í lok árs 2006.

Í apríl 2010 var Miðstöð skólaþróunar HA falið að annast þriðju viðhorfakönnunina meðal nemenda í grunnskólum Akureyrar. Útbúnir voru tveir spurningalistar, annar fyrir 4.–7. bekk en hinn fyrir 8.–10. bekk. Markmið könnunarinnar er að fá fram viðhorf nemenda til náms og starfs í grunnskólum bæjarins. Eftirfarandi spurning er lögð til grundvallar: *Hver eru viðhorf nemenda í 4.–7. bekk í grunnskólum Akureyrar til náms og starfs?*

Í samvinnu skóladeildar og Miðstöðvar skólaþróunar HA var spurningalisti sem lagður var fyrir nemendur í 4.–7. bekk í grunnskólum árið 2006 endurskoðaður en litlar breytingar á honum gerðar. Þrjár frumbreyttur voru í spurningalistanum, *kyn*, *bekkur* og *skóli*. Spurningar voru settar fram sem fullyrðingar með þremur svarmöguleikum og voru nemendur beðnir um að merkja við hvort þeir væru *sammála*, *ósammála* eða *hvorki sammála né ósammála*. Til að auðvelda framkvæmd var könnunin gerð rafræn. Spurningalistinn var settur upp í vefforritinu *Surveymonkey* og nemendur beðnir um að svara listanum í tölvu á tímabilinu apríl–maí 2010. Hver skóli sá um framkvæmd könnunarinnar á sínum vettvangi en skóladeild annaðist samantekt svara af vefnum. Er niðurstöður lágu fyrir voru þær færðar inn í tölfræðiforritið SPSS og unnar lýsandi upplýsingar úr þeim. Við greiningu á gögnum var litið til þess hvort tengsl væru á milli afstöðu nemenda og frumbreyta með kí-kvaðrat greiningu. Í framsetningu á niðurstöðum eru svör nemenda borin saman við svör við sambærilega könnun frá 2006.

Niðurstöður

Heildarfjöldi nemenda í 4.–7. bekk í grunnskólum Akureyrar voru 1076 nemendur vorið 2010. Alls tóku 980 nemendur þátt í könnuninni eða 91,8% heildarþýðis og er þátttakan eilítið meiri en í sambærilegri könnun í desember 2006, en þá var hún 87%. Svörun skiptist milli einstakra skóla eins og hér segir (Tafla 1).

Tafla 1: Þátttaka í könnuninni skipt eftir skólum.

	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	Fjöldi nem.	Hlutfall af heildar- fjölda	Fjöldi svara	Svar- hlutfall	Hlutfall af heild
Brekkuskóli	45	40	64	48	197	18,3%	177	89,8%	18,1%
Oddeyrarskóli	25	13	26	25	89	8,3%	88	98,9%	9,0%
Glerárskóli	36	41	39	44	160	14,9%	135	84,4%	13,8%
Lundarskóli	43	57	59	45	204	19,0%	187	91,7%	19,1%
Síðuskóli	48	39	52	38	177	16,4%	159	89,8%	16,2%
Giljaskóli	38	42	40	36	156	14,5%	141	90,4%	14,4%
Naustaskóli	21	16	14	16	67	6,2%	67	100,0%	6,8%
Hríseyjarskóli	2	5	2	3	12	1,1%	12	100,0%	1,2%
Hlíðarskóli	1	2	4	3	10	0,9%	10	100,0%	1,0%
Grímseyjarskóli	1	1	1	1	4	0,4%	4	100,0%	0,4%
	260	256	301	259	1076	100,0%	980	91,08%	100,0%

Ekki verður annað séð en að svörunin endurspeglir þýðið vel. Hlutfall svara úr hverjum skóla af heildarsvörun er í allgóðu samræmi við hlutfall af heildarfjölda nemenda. Minnst er svörunin í Glerárskóla 84,4% en annars er svörunin um eða yfir 90%. Ef skoðuð er svörun úr bekkjum kemur í ljós að mest er svörunin í 5. bekk eða 93,8%, í 7. bekk er svörunin 93,4%, 4. bekk 91,2% og lökust í 6. bekk eða 86,7%. Svörunin skiptist nokkuð jafnt á milli kynja en 49,4% þátttakenda voru drengir og 50,6% stúlkur.

Aðstæður til náms

Mikilvægar aðstæður til náms í skóla eru að börnum líði vel, þeir eigi þar góða vini og hafi vilja til að ná árangri í námi (Tafla 2).

Tafla 2: Aðstæður nemenda til náms.

	%	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Svara ekki
Líður vel í skólanum		75,9	19,0	4,4	0,7
Á góða vini í skólanum		85,7	11,9	1,3	1,0
Vill ná góðum árangri í námi		83,3	14,0	1,4	1,3

Eins og sjá má af töflu 2 segja yfir 80% nemenda að þeir eigi góða vini í skólanum og að þeir hafi vilja til að ná góðum árangri í námi. Lægra hlutfall nemenda segir hins vegar að þeim líði vel í skólanum. 4,4% svara því til að þeir séu ósammála því að þeim líði vel í skólanum og 19% segja að þeir séu hvorki sammála né ósammála. Ekki er að sjá marktæk tengsl í afstöðu nemenda til spurninganna þriggja með tilliti til kynjabreytu, skóla eða bekkjar.

Lítil breyting hefur átt sér stað í afstöðu nemenda til líðanar í skólanum og vana frá því í desember 2006. Hins vegar kvaðst herra hlutfall nemenda þá vilja ná góðum árangri í námi eða 93,8%.

Námið

Leitað var eftir afstöðu nemenda til náms í skólanum. Leitað var eftir afstöðu þeirra hvort þeir hefðu áhuga á því sem kennt er í skólanum, hvort þeir réðu við það sem þeir ættu að gera í kennslustundum, hvort gott næði væri til að læra í kennslustundum og hvort þeir fengju hjálp í kennslustundum þegar þeir þyrftu á henni að halda (Tafla 3).


Tafla 3: Afstaða nemenda til náms og starfs í skólanum.

	%	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Svara ekki
Hefur áhuga á því sem kennt er		58,0	36,2	4,3	1,5
Ræður við það sem hann á að gera í tímum		64,9	29,2	3,4	2,6
Gott næði til að læra í kennslustundum		33,1	46,8	18,1	2,0
Fær hjálp í tímum þegar hennar er þörf		72,3	21,2	3,8	2,7

Rúmlega helmingur nemenda kveðst hafa áhuga á því sem kennt er í skólanum, um tveir þriðju nemenda segist ráða við það sem þeir eiga að gera í kennslutímum og tæplega þrír fjórðu nemenda segist fá hjálp í kennslutímum þegar þeir þurfi á henni að halda. Mjög fáir nemendur eru ósammála fullyrðingunum. Fullyrðingin um að í kennslustundum sé gott næði til að læra sker sig úr í þessum þætti. Einungis þriðjungur nemenda segist sammála því að svo sé en átján af hundraði er því ósammála. Tæpur helmingur nemenda segist hvorki sammála né ósammála.


Nokkur breyting hefur orðið á afstöðu nemenda til námsins í skólanum frá könnuninni árið 2006. Herra hlutfall nemenda kvaðst þá ráða við það sem hann ætti að gera í tímum (73%) og fá hjálp í tímum þegar hennar væri þörf (83,1%). Þessi munur breytir hins vegar því ekki að hlutfall þeirra sem eru ósammála er mjög sambærilegt á milli kannananna. Í samanburði á niðurstöðum kemur einnig fram að herra hlutfall nemenda nú segist sammála því að gott næði sé til að læra í kennslustundum og munar 6 prósentustigum.

Athyglisvert er að skoða afstöðu nemenda til spurninganna fjögurra m.t.t. þriggja breyta í könnuninni, þ.e. kyns, bekkjar og skóla. Ef afstaða nemenda er skoðuð m.t.t. kyns kemur í ljós að marktæk tengsl eru milli kyns og afstöðu nemenda til áhuga á því sem kennt er (Mynd 1).



Mynd 1: Áhugi drengja og stúlkna á því sem kennt er í skólanum.

Á mynd 1 má sjá að nærri 20 prósentustigum fleiri stúlkur en drengir segjast hafa áhuga á því sem kennt er í skólanum. Með kí-kvaðratprófi má sjá að tengsl kynbreytunnar og afstöðu nemenda er marktæk við 95% öryggismörk ($p < 0,05$). Á sama hátt virðist afstaða nemenda mótast marktækt af því í hvaða bekk þeir eru (Mynd 2).




Mynd 2: Áhugi nemenda á því sem kennt er í skólanum m.t.t. bekkja.

Á mynd 2 má sjá að mestur virðist áhuginn á náminu vera meðal nemenda í 4. bekk og dvína svo með hverju ári nokkuð línulega. Æ fleiri nemendur lýsa hlutleysi sínu gagnvart náminu eftir því sem ofar dregur í skólastigann. Flestir eru nemendurnir í 7. bekk sem segjast ósammála því að þeir hafi áhuga á náminu eða 17 af 236 nemendum sem gerir 7,2%. Með kí-kvaðratprófi má sjá að marktæk tengsl eru á milli bekkjar og áhuga nemenda á því sem kennt er í skólanum ($p < 0,05$). Hins vegar virðist skólinn engin marktæk áhrif hafa á afstöðu nemenda að þessu leyti.

Fleiri stúlkur (71%) en drengir (61%) segjast ráða við það sem þau eiga að gera í kennslutímum og er munurinn marktækur ($p < 0,05$). Hvorki bekkur eða skóli virðast hafa marktæk áhrif á afstöðu nemenda að þessu leyti.


Afstaða drengja og stúlkna til þess að gott næði sé í tímum til að læra virðist nokkuð svipað. Bekkjarbreytan virðist hins vegar hafa nokkur áhrif á afstöðu nemenda (Mynd 3).



Mynd 3: Afstaða nemenda til næðis í tímum m.t.t. bekkja.

Fleiri nemendur í 7. bekk segjast ósammála því (27,4%) að næði sé í tímum til að læra en þeir sem segjast sammála því (21,4%). Yfir helmingur nemenda segist hvorki sammála né ósammála. Í öllum öðrum bekkjum eru þeir fleiri sem segjast sammála fullyrðingunni en þeir sem eru ósammála henni. Í öllum bekkjum eru þeir hins vegar flestir sem segjast hvorki sammála né ósammála. Af myndinni má sjá að nokkur munur er á afstöðu nemenda m.t.t. í hvaða bekk þeir eru og er munurinn marktækur ($p < 0,05$).


Á sama hátt virðist koma fram munur í afstöðu nemenda til næðis í kennslutímum með tilliti til þess í hvaða skóla þeir eru (Mynd 4).



Mynd 4: Afstaða nemenda til næðis í kennslustundum m.t.t. skóla.

Eins og fram kemur af mynd 4 virðast nemendur í fámennustu skólunum frekast telja að það sé gott næði í kennslustundum til að læra. Almennt eru þeir líka nokkru fleiri sem eru sammála því en þeir sem eru ósammála nema í Oddeyrarskóla þar sem fleiri nemendur segjast ósammála (32,6%) en þeir sem eru sammála (30,2%). Tengslin milli skóla og afstöðu nemenda til næðis í kennslustundum er marktæk ($p < 0,05$).


Almennt eru nemendur sammála því (72,3%) að þeir fái hjálp í kennslutímum þegar þeir þurfa hana. Afstaða nemenda til þessa er þó breytileg m.t.t. í hvaða bekk nemendur eru (Mynd 5).



Mynd 5: Afstaða nemenda m.t.t. bekkja til þess hvort þeir fái hjálp í tímum.

Afstaða nemenda til fullyrðingarinnar er býsna línuleg m.t.t. bekkja, eftir því sem ofar dregur í skólastigann segjast færri nemendur fá hjálp í kennslutímum þegar þeir þarfnist hennar. Afstaða þeirra sem eru ósammála er ekki alveg jafn línuleg og þeirra sem eru sammála en þeim sem eru ósammála fjölgar nokkuð reglulega eftir því sem ofar dregur í grunnskólann. Tengslin milli afstöðu nemenda til fullyrðingarinnar og bekkjar eru marktæk ($p < 0,05$).

Á sama hátt virðist afstaða nemenda til fullyrðingarinnar hafa tengsl við hvar í skóla þeir eru (Mynd 6).



Mynd 6: Afstaða nemenda til aðstoðar í tímum m.t.t. skóla.

Eins og sjá má á mynd 6 er nokkur munur á afstöðu nemenda til þess hvort þeir fái hjálp í tímum þegar þeir þurfa hana eftir því í hvaða skóla þeir eru. Nemendur Hlíðarskóla og Glerárskóla virðast jákvæðastir gagnvart fullyrðingunni en eilítið lægra hlutfall nemenda

Hríseyjarskóla er sama sinnis. Tengslin milli fullyrðingarinnar og skóla nemenda er marktæk ($p < 0,05$).

Virkni


Til að nám eigi sér stað þarf nemandi að leggja sig fram. Hann þarf að vinna vel í skólanum, vinna með öðrum nemendum að námsviðfangsefnum og vinna verkefni heima (Tafla 4).

Tafla 4: Virkni nemenda í námi.

	%	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Svara ekki
Vinnur vel í skólanum		73,3	22,8	2,1	1,8
Vinnur verkefni í samvinnu við aðra nemendur		71,0	23,2	3,7	2,1
Heimanám er hæfilegt		57,4	27,8	13,2	1,6


Almennt virðast nemendur telja að þeir vinni vel í skólanum og þeir vinni verkefni í samvinnu við aðra nemendur. Mestar efasemdir eru um heimanámið. Liðlega helmingur nemenda segist sammála því að heimanám sé hæfilegt og 13% er því ósammála. Afstaða nemenda nú til spurninganna þriggja hefur lítið breyst frá 2006. Þá kváðust 69,6% sig vinna vel í skólanum, 69,7% sögðust vinna verkefni í samvinnu við aðra nemendur og 57,5% töldu heimanámið hæfilegt. Þá voru reyndar 18,6% ósammála því að heimanám væri hæfilegt á móti 13,2% nú.

Í flestum tilfellum virðast breytur kyn, bekkur og skóli hafa marktæk áhrif á svörum nemenda. Þannig segjast fleiri stúlkur vinna vel í skólanum en drengir og er munurinn marktækur ($p < 0,05$) (Mynd 7).



Mynd 7: Afstaða kynja til hvernig þau vinna í skólanum.


Svipaða sögu er að segja af afstöðu nemenda m.t.t. bekkja (Mynd 8).



Mynd 8: Afstaða bekkja til þess hvort nemendur vinna vel í skólanum.

Hlutfallslega svipar afstöðu nemenda í 4., 5. og 6. bekk saman en 7. bekkur sker sig úr. Í þeim bekk eru mun færri sem segjast sammála því að hann vinni vel í skólanum og mun fleiri eru því ósammála en í hinum bekkjunum þremur. Marktæk tengsl virðast vera á afstöðu nemenda til fullyrðingarinnar og bekkjarins sem þau eru í ($p < 0,05$).


Á sama hátt virðist virðast marktæk tengsl á milli skólans og afstöðu nemenda til þess hvort þeim finnst þeir vinna vel í skólanum (Mynd 9).



Mynd 9: Tengsl skóla og afstöðu nemenda til þess hvort þeim finnst þeir vinna vel í skóla.


Á mynd 9 má sjá að breytileiki er á milli skóla hvað varðar afstöðu nemenda til þess hvort þeim finnst þeir vinna vel í skóla með tilliti til þess skóla sem þeir eru í og er munurinn marktækur ($p < 0,05$).

Marktækur munur ($p < 0,05$) er meðal kynja þegar spurt er hvort þau séu sammála því eða ósammála að þau vinni verkefni í samvinnu við aðra nemendur (Mynd 10).



Mynd 10: Afstaða kynja til samvinnu við aðra nemendur.


Eins og sjá má á mynd 10 virðast drengir síður en stúlkur vinna að verkefnum í samvinnu við aðra nemendur. Með kí-kvaðratprófi má sjá að ekki er marktækur munur á milli bekkja að þessu leyti. Því má vænta að afstaða nemenda í 4. bekk til fullyrðingarinnar sé svipuð og í 5. eða 6. bekk. Hins vegar virðist vera marktækur munur ($p < 0,05$) á afstöðu nemenda m.t.t. skóla (Mynd 11).



Mynd 11: Samvinna við aðra nemendur m.t.t. skóla.


Langflestir nemenda í Naustaskóla segjast sammála því að þeir vinni verkefni í samvinnu við aðra nemendur en síst eru það nemendur í fámennustu skólunum sem segjast sammála því.

Færri drengir en stúlkur eru sammála því að heimanámið sé hæfilegt og er munurinn marktækur ($p < 0,05$) (Mynd 12).



Mynd 12: Afstaða kynjanna til heimanáms.


Á sama hátt er munur marktækur að þessu leyti m.t.t. þess í hvaða bekk nemendur eru. Tveir þriðju hlutar nemenda í 4. bekk eru sammála því að heimanám sé hæfilegt en liðlega helmingur nemenda í 7. bekk er sama sinnis og eru tengsl á milli bekkjar og afstöðu nemenda til heimanáms marktæk ($p < 0,05$) (Mynd 13).



Mynd 13: Afstaða til heimanáms m.t.t. bekkja.

Á mynd 13 má einnig sjá að tiltölulega lágt hlutfall nemenda í 4. og 5. bekk segist ósammála því að heimanám sé hæfilegt en þetta hlutfall hækkar nokkuð þegar kemur í 6. og 7. bekk.

Á sama hátt virðast vera marktæk tengsl ($p < 0,05$) á milli skóla og afstöðu nemenda til heimanámsins (Mynd 14).



Mynd 14: Afstaða til heimanáms m.t.t. skóla.

Í spurningunni felst ekki hvort nemendur telja heimanámið of mikið né of lítið og því ber að vara við að túlka niðurstöður á annan veginn. Þeir sem eru ósammála geta verið bæði þeir sem telja heimanám of lítið og þeir sem telja það of mikið. Hærra hlutfall nemenda í Naustaskóla og Brekkuskóla en í öðrum skólum Akureyrar segist sammála því að heimanám sé hæfilegt. Athygli vekur þó að mun fleiri nemendur í Brekkuskóla segjast ósammála því að heimanámið sé hæfilegt en þeir sem þannig svara í Naustaskóla og eru það aðeins nemendur í Síðuskóla sem jafna þá afstöðu. Hér aðgreinir Grímseyjarskóli sig verulega frá en helmingur nemenda þar segist ósammála því að heimanám sé hæfilegt. Hér verður þó að setja ákveðinn fyrirvara á því skekkjumörk eru veruleg þar sem mjög fáir nemendur eru í Grímsey.

Samskipti


Aflað var upplýsinga um afstöðu nemenda til samskipta sem þeir ættu í við samnemendur, kennara og annað starfsfólk skólanna (Tafla 5).

Tafla 5: Samskipti nemenda í skóla við samnemendur, kennara og annað starfsfólk.

	%	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Svara ekki
Samskipti við aðra nemendur eru góð.	78,9	15,9	3,2	2,0	
Á marga góða vini í skólanum.	79,8	14,3	3,7	2,2	
Samskipti mín við kennara eru góð.	81,0	14,0	2,9	2,1	
Getur rætt við umsjónarkennara ef eitthvað er að.	70,9	19,5	6,7	2,9	
Get rætt við annað starfsfólk ef eitthvað bjátar á.	63,3	26,8	7,8	2,1	


Almennt virðast nemendur sammála því að samskipti þeirra við nemendur séu góð, þeir eigi marga góða vini í skólanum og samskipti þeirra við kennara séu góð. Þeir eru hins vegar síður sammála því að þeir geti rætt við umsjónarkennara ef eitthvað er að og enn síður að þeir geti rætt við annað starfsfólk ef eitthvað bjáatar á. Ef niðurstöður nú eru bornar saman við könnun frá 2006 eru breytingar á afstöðu nemenda óverulegar. Heldur lægra hlutfall nemenda kvaðst þá sammála því að samskipti við aðra nemendur væru góð (75,2%) og að þeir gætu rætt við annað starfsfólk ef eitthvað bjátaði á (53,3%).

Breyturnar kyn, bekkur og skóli virðast ekki hafa mikil marktæk tengsl við spurningarnar í þessum þætti. Helst virðist það bekkurinn sem hefur áhrif á afstöðu nemenda. Engin marktæk tengsl eru milli breytanna þriggja og afstöðu nemenda til samskipta við aðra nemendur svo og hvort þeir eiga marga góða vini í skólanum. Eina spurningin sem virðist hafa marktæk tengsl við kyn er fullyrðingin er lýtur að samskiptum við kennara (Mynd 15).



Mynd 15: Afstaða kynja til samskipta við kennara.

Fleiri stúlkur en drengir eru sammála því að samskipti þeirra við kennara séu góð og er munur marktækur ($p < 0,05$). Á sama hátt er afstaða nemenda til fullyrðingarinnar mismunandi eftir bekkjum (Mynd 16).




Mynd 16: Samskipti nemenda og kennara m.t.t. bekkja.

Eftir því sem lengra er komið í skólagöngunni eru færri nemendur sem segjast sammála því að samskipti sín við kennara séu góð ($p < 0,05$) og í elsta bekk verður hlutfallsleg aukning þeirra sem segjast því ósammála nokkur.


Enda þótt munur komi fram í afstöðu á milli kynja til samskipta við kennara birtist sá munur ekki í fullyrðingunni „ég get rætt við umsjónarkennarann ef eitthvað er að“ svo og í

fullyrðingunni „ég get rætt við annað starfsfólk ef eitthvað er að.“ Í þessum fullyrðingum kemur hins vegar fram munur á milli bekkja (Mynd 17).



Mynd 17: Að leita til umsjónarkennara m.t.t. bekkja.

Hér birtist svipuð mynd og þegar spurt var um samskipti nemenda og kennara að eftir því sem lengra líður á skólagönguna því síður telja nemendur sig geta leitað til umsjónarkennara ($p < 0,05$). Almennu eru það færri nemendur sem segjast sammála því að þeir geti leitað til umsjónarkennara ef eitthvað er að en þeir sem segjast sammála því að samskipti þeirra við kennara séu góð (Mynd 18).



Mynd 18: Samskipti nemenda við annað starfsfólk m.t.t. bekkja.

Í fjórða bekk virðist nemendur telja sig geta rætt við annað starfsfólk skólans ef eitthvað er að ekki síður en umsjónarkennara. Þetta breytist hins vegar talsvert eftir því sem lengra líður á skólagönguna og er munur á afstöðu nemenda með tilliti til bekkja marktæk ($p < 0,05$). Nemendur telja sig síður geta leitað til annars starfsfólks en umsjónarkennara en það vekur hins vegar athygli að þeir eru ekki ósammála því að þeir geti það fyrr en kemur í 7. bekk. Margir segjast hvorki sammála né ósammála, mun fleiri en þeir sem þannig svara fullyrðingunni um umsjónarkennara.

Stríðni


Einelti og stríðni í skólum hefur verið mikið áhyggjuefni kennara og foreldra. Í könnuninni var leitað eftir afstöðu nemenda til þess hvort einelti viðgengist í skólanum en í stað þess að nota einelti þá fól spurningin í sér skilgreiningu á einelti og nemendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar *ég verð oft fyrir stríðni, árásum og hótunum af ýmsu tagi frá skólafélögum*. Jafnframt var leitað eftir afstöðu nemenda til fullyrðingarinnar *skólinn bregst strax við ef vart verður stríðni* (Tafla 6).

Tafla 6: Stríðni og viðbrögð skóla.

	%	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Svara ekki
Verður oft fyrir stríðni, árásum og hótunum af ýmsu tagi frá skólafélögum		7,1	15,5	75,9	1,4
Skólinn bregst strax við ef vart verður stríðni		50,8	34,9	12,0	2,2


Þrír fjórðu nemendahópsins kvaðst ósammála því að þeir yrðu fyrir stríðni, árásum og hótunum af ýmsu tagi frá skólafélögum en 7% kvaðst því sammála. Í viðhorfskönnun 2006 var ekki leitað eftir afstöðu nemenda til stríðni eða eineltis í skóla en hins vegar voru þeir spurðir um afstöðu til þess hvort kennarar brygðust fljótt við ef vart yrði við einelti í skólanum. 65,4% kvaðst sammála því að þeir brygðust fljótt við en 5,6% voru því þá ósammála. Í ljósi þess hversu mismunandi skilningur lagður er í hugtakið einelti var fullyrðingunni breytt þannig að nú voru nemendur beðnir að taka afstöðu til þess hvort skólinn brygðist strax við ef vart yrði við stríðni. Nú segjast 50,8% því sammála en 12% eru ósammála. Lægra hlutfall er því nú sammála því að skólinn bregðist strax við ef vart verður við stríðni en í könnuninni árið 2006. Vera kann að breytingin á fullyrðingunni kalli fram aðra afstöðu meðal nemenda.

Marktækur munur ($p < 0,05$) er á afstöðu kynja að þessu leyti (Mynd 19).




Mynd 19: Stríðni í skóla m.t.t. kynja.

Fleiri drengir en stúlkur eru sammála því að þeir verði fyrir stríðni í skólanum. Ef gerður er samanburður á afstöðu nemenda með tilliti til bekkja kemur einnig í ljós marktækur munur ($p < 0,05$) (Mynd 20).



Mynd 20: Stríðni í skóla m.t.t. bekkja.

Nemendur fjórða bekkjar skera sig helst úr að því leyti að þeir eru færri sem eru ósammála fullyrðingunni um að þeir verði oft fyrir stríðni í skólanum en nemendur annarra bekkja. Lítil hlutfallslegur munur er á afstöðu nemenda í fimmta, sjötta og sjöunda bekk að þessu leyti. Þetta segir hins vegar ekki að hærra hlutfall nemenda í fjórða bekk telji sig sammála því að þeir verði fyrir stríðni í skólanum því hlutfall þeirra sem segjast hvorki sammála né ósammála er hæst í fjórða bekk. Á sama hátt er munur á afstöðu nemenda m.t.t. skóla (Mynd 21).




Mynd 21: Stríðni í skóla m.t.t. skóla.

Eins og sjá má á mynd 21 er nokkur munur á afstöðu nemenda með tilliti til skóla ($p < 0,05$). Hlutfallslega fæstir nemendur í Oddeyrarskóla eru ósammála fullyrðingunni að þeir verði oft fyrir stríðni, árásum eða hótunum af ýmsu tagi í skólanum ef ekki eru taldir með fámennustu skólarnir (Hlíðarskóli, Hríseyjarskóli og Grímsýjarskóli), en þar vegur hver nemandi svo þungt í hlutfalli að varlegt er að bera þá saman við fjölmennari skólana. Þó að hlutfall þeirra sem eru ósammála fullyrðingunni (sem er jákvætt fyrir skólana) þá þýðir það ekki endilega það að þeir séu mikið fleiri sem segjast sammála. Munurinn birtist í því að fleiri


segjast hvorki sammála né ósammála, lýsa einhvers konar hlutleysisafstöðu til fullyrðingarinnar.

En bregst þá skólinn við ef vart verður stríðni? Skv. töflu 4 segist helmingur nemenda sammála því að svo sé en aðeins 12% er því ósammála en hlutfallslega margir nemenda virðast sér ekki meðvitaðir um hvort skólinn bregðist við. Þegar afstaða kynjanna er borin saman kemur í ljós að marktækur munur ($p < 0,05$) er á afstöðu þeirra til fullyrðingarinnar (Mynd 22).



Mynd 22: Afstaða kynja til viðbragða skóla við stríðni.

Hlutfallslega fleiri stúlkur en drengir eru sammála því að skólinn bregðist strax við ef vart verður við stríðni en innan við helmingur drengja er þeirrar skoðunar. Þetta þýðir þó ekki að þeir séu svo ósammála fullyrðingunni en segjast hvorki sammála né ósammála. Nokkur munur er einnig á afstöðu nemenda ($p < 0,05$) með tilliti til bekkja (Mynd 23).




Mynd 23: Afstaða til viðbragða skóla við stríðni m.t.t. bekkja.

Hæst er hlutfall nemenda í 4. bekk sem sammála er fullyrðingunni um að skólinn bregðist strax við ef vart verður við stríðni. Afstaða nemenda í 7. bekk sker sig hér nokkuð úr. Hlutfall nemenda sem segist hvorki sammála né ósammála er hæst og einungis liðlega

Þriðjungur nemendahópsins segist sammála því að skólinn bregðist strax við verði vart við stríðni. Fast að fimmtungur nemenda er ósammála fullyrðingunni á meðan einn af hverjum tíu í neðri bekkjunum er þessarar skoðunar.

Nokkur munur ($p < 0,05$) er á afstöðu nemenda til fullyrðingarinnar eftir því í hvaða skóla þeir eru (Mynd 24).



Mynd 24: Afstaða til viðbragða skóla við stríðni m.t.t. skóla.

Í fjórum skólanna eru rétt líðlega 40% nemenda sem kveðst sammála því að skólinn bregðist strax við ef vart verður stríðni.

Hrós

Hrós er vandmeðfarið sem umbun eða viðurkenning fyrir eitthvað sem nemandi hefur vel gert. Ef vel tekst til getur það aukið vellíðan nemandans og sjálfstraust. Ef hrósi er ofbeitt er hætt við að nemandinn hætti að heyra eða hætti að meta hrósið. Hér þarf því að vanda vel til. Í könnuninni var leitað eftir því hvort nemendur teldu sig fá hrós frá samnemendum og frá kennurum (Tafla 7).


Tafla 7: Hrós frá samnemendum og kennurum.

	% Sammála	Hvorki né	Ósammála	Svara ekki
Fæ hrós frá samnemendum	53,8	35,6	9,0	1,6
Fæ hrós frá kennurum	75,1	18,9	4,2	1,8

Yfir helmingur nemenda er sammála því að þeir fái hrós frá samnemendum sínum og þrír fjórðu nemendahópsins segir að kennarar hrósi þeim. Fáir nemendur eru ósammála fullyrðingunum en nokkur hópur er hvorki sammála né ósammála. Ekki kemur fram marktækur munur í afstöðu nemenda með tilliti til breytanna kyn, bekkur eða skóli. Í samanburði við könnun árið 2006 kemur fram óverulegur munur í afstöðu nemenda. Hlutfall þeirra sem þá var sammála fullyrðingunum tveim er fjórum prósentustigum hærra í báðum tilvikum en nú.


Félagsstarf

Að endingu var leitað upplýsinga um það hjá nemendum hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: *Ég tek þátt í félagsstarfi (klúbbum, böllum o.þ.h.) í skólanum* (Mynd 25).



Mynd 25: Þátttaka í félagsstarfi.

Yfir helmingur nemenda segist taka þátt í félagsstarfi í skólanum og ekki er marktækur munur á hvort um er að ræða drengi eða stúlkur né hvaða bekk þau tilheyra. Hins vegar er þátttaka nemenda ólík eftir því hvaða skóla er um að ræða ($p < 0,05$) (Mynd 26).



Mynd 26: Þátttaka nemenda í félagsstarfi m.t.t. skóla.

Ef einungis er litið til fjölmennari skólanna virðist þátttaka nemenda mest í Glerárskóla, Lundarskóla og Síðuskóla en minnst í Brekkuskóla og Giljaskóla. Afstaða nemenda nú til þátttöku í félagsstarfi er mjög sambærileg og árið 2006.

Samantekt

Með könnun þessari er leitast við að svara þeirri meginspurningu *hvert viðhorf nemenda í 4.–7. bekk í grunnskólum Akureyrar er til náms og starfs*. Í heildina tekið verður ekki annað ráðið af niðurstöðum en að nemendur séu nokkuð sáttir við aðstæður sínar í grunnskólum Akureyrar. Algengt er að nemendur taki ekki hreina afstöðu til fullyrðinganna sem fram voru settar og kjósa að segjast hvorki sammála né ósammála. Almennt virðast nemendur þó fremur jákvæðir í garð skólans, þeir vilja ná árangri í námi og telja að þeir fái aðstoð og stuðning þegar þeir þurfa á að halda. Þeim virðist líða vel í skóla sínum en eru gagnrýnir á námið. Umhugsunarvert er hversu lágt hlutfall nemendahópsins segist hafa áhuga á því sem kennt er og telur sig ráða við það sem hann á að gera í tímum. Mikill munur er á áhuga drengja og stúlkna á náminu en stúlkur virðast hafa mun meiri áhuga á því sem kennt er en drengir. Þá er einnig ljóst af niðurstöðum að eftir því sem líður á skólagönguna dvínar áhugi nemenda á náminu. Þessi munur á afstöðu kynjanna til námsviðfangsefna getur verið skýring á ólíkri afstöðu þeirra til þess hvort þau ráði við það sem þau eiga að gera í kennslustundum. Tíu prósentustigum færri drengir en stúlkur segjast ráða við námið í kennslustundum. Þá er athyglisvert að sjá hvernig dregur úr því, eftir því sem lengra líður á skólagönguna, að nemendur telji sig fá hjálp í tímum þegar hennar er þörf. Munar um 20 prósentustigum í afstöðu nemenda í 4. bekk og nemenda í 7. bekk til þessa.

Að mati nemenda virðist næði til að læra í tímum ekki nóg. Ef marka má afstöðu nemenda þá er næði í tímum minna í eldri bekkjum en í þeim yngri. Í þessu sambandi má örugglega velta því fyrir sér hvernig nemendur skilgreina næði í tímum, svo og hvenær þeim finnst þeir vera að læra og hvenær ekki. Þrátt fyrir þessa afstöðu nemenda til næðis í kennslustundum telur mikill meirihluti þeirra sig vinna vel í skólanum og verkefni séu unnin í samvinnu við aðra nemendur. Hér birtist enn og aftur munur á milli kynja en drengir telja sig síður vinna vel í skólanum en stúlkur og þá virðast þeir síður uppteknir af samvinnu við aðra nemendur. Afstaða nemenda í 4.–6. bekk til eigin námsvinnu í skóla er mjög sambærileg en þegar í 7. bekk kemur þá virðist afstaða þeirra breytast. Á því mótunar- og mótþróaskeiði sem þeir ganga þá í gegnum virðist draga úr námsáhuga þeirra sem einnig birtist í námsvinnu þeirra í skólanum.

Einungis líðlega helmingur nemenda segir að heimanámið sé hæfilegt. Um tíu prósentustigum fleiri stúlkur en drengir eru sammála því. Hæst er hlutfall nemenda í 4. bekk sem er sammála því að heimanám sé hæfilegt en hlutfallið lækkar jafnt og þétt eftir því sem lengra líður á skólagönguna og í 7. bekk munar um 12 prósentustigum á við 4. bekk. Athygli vekur að hlutfall þeirra sem eru ósammála því að heimanám sé hæfilegt eykst ekki mikið á milli 4. og 5. bekkjar en í 6. bekk fer þeirra sjónarmiða að gæta umtalsvert og mest er neikvæðnin í garð heimanáms í 7. bekk þar sem yfir fimmtungur nemenda er ósammála því að heimanám sé hæfilegt. Athygli vekur að mest sátt ríkir meðal nemenda um heimanám í tveimur grunnskólum bæjarins, Naustaskóla og Brekkuskóla þar sem fast að 80% nemenda segist sammála því að heimnám sé hæfilegt.

Samskipti nemenda á milli og nemenda og kennara virðast almennt með ágætum í grunnskólum Akureyrar. Um eða yfir 80% nemenda segir samskipti við aðra nemendur góð, þeir eigi marga góða vini í skólanum og samskipti við kennara séu góð. Þótt marktækur munur sé á afstöðu drengja og stúlkna til samskipta við kennara eru bæði kynin ánægð með samskiptin. Það sama má segja um afstöðu nemenda m.t.t. bekkja að þótt hlutfall þeirra sem segist sammála því að samskipti sín við kennara séu góð lækki eftir því sem lengra líður á skólagönguna verður ekki annað sagt en að mikill meirihluti nemenda í öllum bekkjum telur að svo sé. Hins vegar er hlutfall nemenda sem segist geta rætt við umsjónarkennara ef eitthvað bjátar á nokkru lægra. Virðist sem nemendur kjósi að leita með vandamál sín annað en til umsjónarkennara eða starfsfólks skólans því enn síður telja þeir sig geta leitað til annars

starfsfólks. Yngri nemendurnir virðast fremur geta leitað til umsjónarkennara með vandamál sín en eldri nemendur og sama mynstur birtist gagnvart öðru starfsfólki. Í þessu sambandi er einnig athyglisvert að skoða hlutfall þeirra sem svarar því að þeir séu ósammála fullyrðingunum að þeir geti leitað til umsjónarkennara þegar eitthvað bjátar á og þeir geti leitað til annars starfsfólks þegar eitthvað bjátar á. Afstaða nemenda að þessu leyti er nokkuð ólík m.t.t. bekkja. Hlutfall nemenda sem er ósammála því að þeir geti leitað til umsjónarkennara er hæst í 6. bekk og lækkar aftur í 7. bekk. Hlutfall þeirra sem eru ósammála því að þeir geti leitað til annars starfsfólks ef eitthvað bjátar á er mjög lágt í 4. bekk, hækkar þegar kemur í 5. bekk og helst lítið breytt í 6. bekk en tekur nokkurt stökk þegar kemur í 7. bekk.

Hlutfall þeirra sem segjast verða fyrir stríðni, árásum og hótunum af ýmsu tagi í skólanum er tiltölulega lágt en hafa ber í huga að á bak við þau 7 af hundraði sem segist sammála því að þeir verði fyrir einelti af þessu tagi eru 70 nemendur. Það er að sjálfsögðu of há tala og bendir til að skólar þurfa að vera vel vakandi fyrir þessum vanda. Greinilegt er að drengir telja sig fremur lenda í þessu en stúlkur. Af svörum má ráða að nemendum finnst skólar ekki bregðast strax við ef vart verður stríðni. Einkum eru það nemendur í 7. bekk sem eru ósammála því að skólar bregðist strax við þótt þeirra sjónarmiða gæti vissulega í yngri bekkjunum. Þá er einnig umtalsverður munur á milli skóla að þessu leyti sem þeir hljóta að þurfa að skoða vandlega.

